

79 mega heldur aðrir nota hveiti til baksturs til sölu, annars en þess, er að 23. júní. framan getur.

Reglugjörð 14. maí 1917, um breyting á reglugjörð 17. febrúar 1917, um notkun mjölvöru og um sölu á landssjóðs sykri, er hjermeð úr gildi feld.

Reglugjörð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 23. júní 1917.

F. h. r.

Jón Hermannsson.

Oddur Hermannsson,
aðstm.

80
20. júlí.

Hafnarreglugjörð

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

Stjórnarráð Íslands hefir 20. júlí 1917 gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I. Hafnargjald.

Af öllum skipum (að undanteknum þeim, er síðar getur um), sem mæld eru til lestatafs, hvort sem þau eru vörum fermd, með seglfestu eða tóm, skal greiða í hafnargjald 5 aura af hverri smálest alls farmrúmsins í hvert sinn, er þau leggjast á höfninni eftir að þau hafa komið frá Danmörku eða öðrum útlöndum, eða, ef um skip ræðir, sem fara að eins milli hafna á Íslandi, þá, er þau í fyrsta sinn á árinu varpa akkerum á höfninni; og rennur gjald þetta eins og

önnur þau gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, í hafnarsjóð Ísafjarðar. Er skip 80 fermir eða affermir á höfninni, skal ennfremur gjalda 15 aura af hverri smálest. 20. júlí.

Af skipum, er hafna sig oftast en einu sinni á árinu á Ísafjarðarhöfn, greiðast gjöld þessi eigi að fullu nema hið fyrsta skiftið, er þau eru greidd á því ári, en að eins með $\frac{3}{5}$ hin önnur skiftin.

Af skipum, er annaðhvort flytja farm í land eða frá landi, skal greiða framangreind gjöld, þá er lagst er fyrir innan línu, sem hugsast dregin frá hinum svonefndu Innribásam á Kirkjubólshlíð í svokallaðan Urtustein á Eyrarhlíð, en af öðrum skipum ekki nema lagst sje fyrir innan línu, er hugsast dregin frá Norðurtanganum þvert yfir í stein eða annað merki á Kirkjubólshlíð, er sje mál- að hvítt að ofan og rautt að neðan. Gjaldið skal og greiða af skipum, er leita hafnar fyrir ísreks sakir, storma eða því um líks.

II. Aukagjald.

Auk þeirra gjalda, er þegar eru talin, skal ennfremur greiða:

1. 5 aura um daginn af hverri smálest í skipi, er lagt hefir verið upp á Ísafjarðar fjöru til hreinsunar eða aðgjörðar, og
2. 5 aura af hverri smálest skips, er tekur eða kastar út seglfestu í landi kaupstaðarins.

III. Undanþágur frá hafnargjaldi.

Undanþegin eru hafnargjaldi:

1. Öll herskip og skemtiskip, hvernar þjóðar sem eru,
2. öll skip, sem að fiskiveiðum eru undir ströndum Íslands, ef þau afferma ekki nje ferma annað en það, er afla þeirra og útgjörð snertir, og
3. skip, er leita hafnar vegna sjóskemda, enda þótt farmur þeirra hafi verið úr þeim fluttur, ef þau aftur flytja burt farminn allan og eigi annað.

IV. Seglfesta.

Seglfestu má eigi taka í landi bæjarins annarsstaðar en þar, er lögreglustjóri leyfir.

Eigi má kasta út seglfestu á höfninni nje flytja á land bæjarins, nema lögreglustjóri leyfi.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. september 1917 og skal endurskoða hana fyrir 1. janúar 1926.

Í stjórnarráði Íslands, 20. júlí 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.